

Fréttabréf

Rannsóknastofu í kvennafræðum

við Háskóla Íslands



3. tölublað, 3. árgangur

nr. 7, september 1994

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum haustmisserið 1994 hefst þann 20. september með fyrsta rabbfundi vetrarins. Alls stendur til að rabbfundir verði fjórir á haustmisseri, en svigrúm er til að bæta einum til tveimur fundum við dagskrána. Þeir lesendur fréttabréfsins sem eru að vinna að spennandi rannsóknum eru hér með hvattir til að bjóða sig fram og taka þátt í rabbfundadagskránni. Opinberir

fyrirlestrar verða fjórir á misserinu. Fyrsta fyrirlesturinn flytur dr. Gígja Gísladóttir heimspekingur, þann 29. september. Annars er dagskráin birt í heilu lagi hér í fréttabréfinu. Stofan stendur einnig fyrir tveimur stuttum námskeiðum á haustmisseri og Fulbrightkennari frá Bandaríkjunum, sem er hér á vegum stofunnar, kennir námskeið í Endurmenntunarstofnun háskólans síðla hausts.

Stjórn stofunnar skipa: Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldisfræði, Guðbjörg Jóhannesdóttir, stud. theol., Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, Rannveig Traustadóttir, stundakennari í félagsvísindadeild, Kristín Björnsdóttir, dósent í hjúkrunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir, stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands
Umsjón: Þórunn Sigurðardóttir

NÁMSKEIÐ RANNSÓKNASTOFU Í KVENNAFRÆÐUM

Rannsóknastofa í kvennafræðum gengst fyrir tveimur stuttum námskeiðum á haustmísserinu. Á fyrri námskeiðinu verður kennt að koma fram í sjónvarpi og á hinu síðara að gera umsóknir um rannsóknastyrki. Þáttökugjald er 1000 krónur fyrir

hvort námskeið. Þáttökufjöldi er takmarkaður á bæði námskeiðin. Skráning fer fram fyrir hádegi (9-12) alla virka daga í síma 69 45 95 eða á skrifstofu stofunnar í Sumarhöll. Skrifstofan verður lokað 19. og 20. september.

1. FRAMKOMA Í SJÓNVARPI — VIÐTALSTÆKNI

Síðastliðið haust bauð Rannsóknastofa í kvennafræðum áskrifendum fréttabréfsins upp á námskeið í viðtalstækni og framkomu í sjónvarpi. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur annaðist námskeiðið, sem þótti takast mjög vel. Hefur Sigrún nú fallist á að endurtaka þetta námskeið á vegum stofunnar. Það verður haldið í stofu 202 í Odda fimmtudaginn 22. september og hefst kl. 20:30.

2. GERÐ UMSÓKNA UM RANNSÓKNASTYRKI

Haustið 1992 stóð stofan fyrir námskeiði í gerð umsókna um rannsóknastyrki. Þátttakendur í námskeiðinu voru afar ánægðir með það og hefur stofan ákveðið að endurtaka þetta námskeið. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Helga Kress prófessor og hefur hún samþykkt að taka það að sér aftur núna. Námskeiðið verður haldið í stofu 202 í Odda fimmtudaginn 10. nóvember frá kl. 16 til 19. Þáttökufjöldi er takmarkaður við átta man.

FEMINÍSKAR LAGAKENNINGAR: kynning á nokkrum viðfangsefnum

Námskeið á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Námskeiðið er ætlað lögfræðingum, læknum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og öðrum er áhuga hafa. Á námskeiðinu verður fjallað um nokkur atriði sem hafa verið í brennidepli í kvennabaráttu og feminískum lagakenningum síðan á sjöunda áratugnum, s.s. ofbeldi á heimilum, nauðgun, klám, kynferðislega áreitni og tæknifrjövganir.

Leiðbeinandi verður Claire Ann Smearman lögfræðingur (Juris Doctor), Fulbrightkennari við Háskóla Íslands á haustmísseri 1994. Kennt verður 8. nóvember kl. 16:00-19:00, 10. og 11. nóvember kl. 17:00-19:00 í Tæknigarði, Dunhaga 5. Þáttökugjald er 5.800 krónur. Skráning fer fram í móttöku Tæknigarðs, í síma 694940. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Endurmenntunarstofnunar í sínum 694923, 694924 og 694925.

ÁHUGAHÓPUR UM ÍSLENSKAR KVENNARANNSÓKNIR

Nú er liðinn næstum áratugur síðan Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir hóf starfsemi sína. Lítið hefur borið á hópnum síðastliðin ár þótt margir einstaklingar innan hans séu og hafi verið virkir á ýmsum sviðum tengdum kvennarannsóknnum. Hvernig væri að halda fund í Áhugahópi um íslenskar kvennarannsóknir? Undirrituð tók sér það bessaleyfi að panta Skólalabæ fimmtudaginn 20. október frá kl. 20:30 og vonar að sem flestar úr áhugahópnum

láti sjá sig. Við gætum byrjað fundinn með því að einhver frá Rannsóknastofu í kvennafræðum kynni það sem stofan hefur verið að fást við og á eftir spjallað saman um leiðir til að efla rannsóknir og kennslu í kvennafræðum. Það má líka minna á að næsta haust eru nákvæmlega tíu ár síðan ráðstefnan Íslenskar kvennarannsóknir var haldin. Hvernig væri að halda upp á það með annari ráðstefnu haustið 1995?

Þórunn Sigurðardóttir

WISE — Women's International Studies Europe

Samtök kvennafræðinga í Evrópu (WISE) voru formlega stofnuð árið 1990, m.a. í þeim tilgangi að efla rannsóknir, kennslu og útgáfustarfsemi á sviði kvennafræða í Evrópu. Samtökin eru opin öllum þeim sem fást við kvennafræði, einstaklingum, áhugahópum, háskólastofnunum, rannsóknastofnunum og öðrum stofnunum sem tengjast kvennafræðum. Gjald samtakanna er 19 ensk pund fyrir einstaklinga og 50 pund fyrir stofnanir. Innifalið í gjaldinu er áskrift að tímaritinu *European*

Journal of Women's Studies sem kemur út ársfjórðungslega (1. heftið kom út núna í sumar), fréttabréf samtakanna, sem kemur út fjórum sinnum á ári, og einstaka útgáfur, eins og *European Women's Studies Guide*. Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur tekið að sér að vera tengill milli samtakanna og íslenskra meðlima þeirra. Nánari upplýsingar um samtökin og umsóknareyðublöð fást á stofunni. Hringið í síma 69 45 95 fyrir hádegi virka daga eða komið í eigin persónu á skrifstofuna.

SAMRÁÐSHÓPUR UM NORRÆNAR KVENNARANNSÓKNIR

Rannsóknastofa í kvennafræðum á fulltrúa í samráðshópi um norrænar kvennarannsóknir sem starfar á vegum jafnréttisnefndar norrænu ráðherranefndarinnar. Samráðshópurinn er skipaður einni konu frá hverju landi og hittist tvisvar á ári. Með hópnum starfar tengill (koordinator for nordisk kvinneforskning), sem hefur það hlutverk að efla tengsl og samvinnu þeirra sem stunda kvennarannsóknir á Norðurlöndum og einnig að kynna norrænar rannsóknir á sviði kvennafræða utan Norðurlanda. Solveig Bergman, félagsfræðingur frá Finnlandi, hefur gegnt þessu starfi undanfarin ár, en í haust tekur við af henni Carita Peltonen, en hún starfar í Åbo Akademi eins og Solveig. Formaður norrænu ráðherranefndarinnar stjórnar fundunum og fylgist með starfsemi. Í haust tekur Elsa Þorkeldsdóttir hjá Jafnréttisráði við því hlutverki. Einnig situr Christina Österberg, ráðgjafi norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál, þessa fundi. Fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum í hópnum hefur verið Guðrún Ólafsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, þangað til í vor að Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri stofunnar, tók við af henni.

Samráðshópurinn hafði frumkvæði að undirbúningi að norrænni kvennafræðistofnun. Jafnréttisráðherrar Norðurlandanna hafa nú samþykkt þessa stofnun og hafa skipað í undirbúningsnefnd hennar. Sam-

ráðshópurinn stóð einnig að stofnun samtaka um kvennafræði á Norðurlöndum, en þau eru samtök einstakra fræðimanna, stofnana og annarra sem áhuga hafa á kvennafræðum. Hópurinn hratt af stað útgáfu tímarits á ensku, sem birtir greinar á sviði kvennafræða eftir norrænar konur. Tímaritið, sem ber heitið *NORA*, hefur nú komið út tvisvar sinnum. Hópurinn stóð einnig fyrir ráðstefnu um kvennarannsóknir og rannsóknastefnu sem haldin var í Stokkhólmi haustið 1993. Guðný Guðbjörnsdóttir skrifaði um þá ráðstefnu í fréttabréf stofunnar í janúar síðastliðnum.

Á fundi Samráðshópsins sem haldinn var hér í Reykjavík í vor var m.a. rætt um endurútgáfu bæklingins *Women's Studies in the Nordic Countries*. Bæklingurinn kom svo út í sum. og var hægt að fá hann á Nordisk forum í ágúst. Aðeins hefur borist eitt eintak á stofuna en vonast er til að fleiri eintök berist fljótlega og er lesendum fréttabréfsins velkomið að fá eintak svo lengi sem upplag endist.

Venjulega hefjast fundir samráðshópsins á því að fulltrúi frá hverju landi segir frá því sem hefur gerst á vettvangi kvennafræða eða því sem er á döfinni. Fulltrúi Noregs greindi frá því að eftir breytingar á norska vísindaráðinu hefði staða fulltrúa kvennafræðanna staðið völtum fótum, en eftir mikið stapp fengu kvennafræðin áfram fulltrúa í ráðinu. Hvernig væri að íslenskir fræðimenn í

kvennafræðum krefðust þess að eiga fulltrúa í Rannsóknarráði ríkisins? Í Noregi stendur til að fulltrúar kvennarannsóknastofnana háskólanna hafi samvinnu um þróun náms í kvennafræðum. Í Danmörku hefur farið fram umræða um sjálfstjórn háskólanna, sem mun veikja stöðu styrkþega verulega. Í Danmörku hafa kvennarannsóknir að verulegu leyti farið fram meðal styrkþega sem fá aðstöðu á stofnununum. Karlafræðin eru mikið umræðuefni á hinum Norðurlöndunum og sýnist sitt hverjum. Stundum er samvinna milli hópanna tveggja en stundum samkeppni um fjármagn. Í Finnlandi er heilmikið að gerast þessa dagana og ýta finnskar fræðikonur á embættismenn og stjórnámálamenn að efla kvennafræðin og veita meira fjármagni til þeirra. Í Finnlandi er í gangi rannsókn um það hvað hefur orðið um þær konur sem hafa prófgráðu á sviði kvennafræða. Í Lundi er verið að undirbúa norrænt tölvupóstnet á sviði kvennafræða. Frá Íslandi var það helst í fréttum að háskólaráð hefur skipað nefnd til að gera tillögur um nám í kvennafræðum og að von væri á kennara frá Bandaríkjunum til að kenna á haustmisseri 1994 og leiða seminar um inngangsnámskeið í kvennafræðum.

Á fundinum var einnig rætt um framtíð norræna tengilsins. Ekki er

enn ljóst hvort fjármagn fæst til að halda því starfi áfram og ráða nýjan tengil í stað Solveigar og Caritu í haust.

Nordisk forum kom til umræðu og var ákveðið að boða fræðimenn á sviði kvennafræða á veitingahús eitthvert kvöldið á meðan á Nordisk forum stæði til að eiga saman notalega kvöldstund. (Boðið var auglýst með dreifibréfi þar sem innritun á Nordisk forum fór fram og var öllum opið).

Ráðstefna ráðherranefndarinnar um jafnréttisáætlun Norðurlanda var einnig á dagskrá fundarins. Kvennarannsóknastofunum hafði verið úthlutað tuttugu sætum og komu tvö í hlut okkar. Ákveðið var að Þórunn Sigurðardóttir og Guðrún Ólafsdóttir sætu ráðstefnuna fyrir hönd stofunnar. Á þessari ráðstefnu stóð til að fara fram á það við norrænu ráðherranefndina að hún stæði að stofnun norrænnar kvennafræðistofnunar.

Að lokum kom fram á fundinum að sumarhefti tímaritsins *Nordiskt kontakt* yrði helgað kvennafræðum. Rannsóknastofa í kvennafræðum gat fengið pláss fyrir eina fræðigrein þar. Aðeins tíu dagar voru til stefnu en okkur tókst að fá Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur félagsfræðing til að leggja í greinaskrif, en hún skrifar ágæta sænsku.

Rabb um rannsóknir og kvennafræði

Þriðjudaginn 20. september kl. 12-13 í stofu 206 í Odda

fjallar Ásdís Egilsdóttir dósent um rannsóknir sínar á *Margrétarsögu*, undir yfirskriftinni „Drekar, slöngur og heilög Margrét.“

Þriðjudaginn 4. október kl. 12-13 í stofu 206 í Odda

verður rabbað um kvenlegt sjónarhorn á kristnisögu Íslands. Framsögu hefur Inga Huld Hákonardóttir sagnfræðingur, en Hjalti Hugason, ritstjóri kristnisögunnar, og nokkrir höfunda, m.a. Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur, verða á fundinum og leiða umræður.

Þriðjudaginn 18. október kl. 12-13 í stofu 206 í Odda

fjallar Aðalheiður Guðmundsdóttir bókmenntafræðingur um rannsóknir sínar á stjúpu- og álagaminninu í fornaldarsögum og íslenskum ævintýrum.

Þriðjudaginn 1. nóvember kl. 12-13 í stofu 206 í Odda

fjallar Anna Kristjánsdóttir, prófessor í Kennaraháskólanum, um rannsóknir sínar á grunnskólanemum sem fengu einkunn í hæsta flokki á grunnskólaprófi í stærðfræði undir yfirskriftinni: „Þau voru í fararbroddi. Hvert lögðu þau leið sína?“

Opinberir fyrirlestrar

Fimmtudaginn 29. september kl. 17:15 í stofu 101 í Odda

Gígja Gísladóttir heimspekingur: *Hin gamla hin nýja Eva*. Fjallað verður um hlutverk konunnar sem meginkjarna mannlífs og heimspekikerfi Hegels skoðað í ljósi sögulegra heimilda gyðinga og kristinna manna.

Mánudaginn 10. október kl. 17:15 í stofu 101 í Odda

Pirjo Markkola sagnfræðingur, háskólanum í Tampere, Finnlandi: „*Proper Homes: The Question of Working-Class Families in Finland, 1870-1920*“. Þessi fyrirlestur er sameiginlega á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum og Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Fimmtudaginn 27. október kl. 17:15 í stofu 101 í Odda

Clair Ann Smearman lögfræðingur og kennari við Towson State University í Baltimore, Bandaríkjunum: Efni verður auglýst síðar.

Þriðjudaginn 8. nóvember kl. 17:15 í stofu 101 í Lögbergi

Kerstin Hägg félagsfræðingur, háskólanum í Umeå, Svíþjóð: *Om kön och vardag i förändring — en ortsstudie i ett könsteoretiskt perspektiv*.

Nýlega hafa komið út tvær athyglisverðar bækur frá kvennarannsóknastofnun Örebroháskóla í Svíþjóð. Annars vegar er um að ræða bókina *Teorier om patriarkatet. Betydelser, begränsningar och utvecklingslinjer* sem Anna G. Jónasdóttir og Gunnela Björk ritstýrðu. Í bókinni eru greinar eftir fimm höfunda úr ýmsum fræðigreinum og fjalla þær allar um feðraveldiskenningar. Þar er fyrst grein eftir Sylvia Walby, „Patriarkatet som system och olika strukturer“, þá koma greinar eftir Önnu G. Jónasdóttur, „Kärleksmakt och politiska intressen“, Ann-Cathrine Åquist, „Svaga och starka strukturer. Om patriarkateteorins teoretiska konstruktion“, Marianne Liljeström, „Om den heterorelaterade verkligheten och kvinnors liv“, og að lokum „Nyere patriarkatsteori — som en fugl uden vinger?“ eftir Hanne Marlene Dahl. Hin bókin erráðstefnuritið *Politics. A Power Base for Women?* og inniheldur greinar eftir tíu höfunda, þ.á.m. grein eftir Sigríði Helgu Sigurbjarnardóttur um kvennalistann.

Bækurnar er hægt að panta hjá Joanna Israelsson-Kempinska, Högskolan i Örebro, Box 923, 701 30 Örebro.

FLÉTTUR

RIT RANNSÓKNASTOFU Í KVENNAFRÆÐUM

Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur undanfarna mánuði verið að undirbúa útgáfu á fyrsta bindi ritraðar stofunnar. Nú er verið að lesa síðustu próförk og fer ritið vonandi í prentsmiðjuna fljótlega. Í ritinu eru greinar eftir níu höfunda. Hér á eftir fer efnisyfirlit ritsins:

Sigríður Þorgeirsdóttir, „Er til kvennasiðfræði? Hugleiðingar um hugmyndir Carol Gilligan um siðgæði kvenna og þýðingu þess fyrir hugmyndafræði íslenskrar kvennapólitíkur.“

Helga Kress, „Skassið tamið. Stofnun karlveldis og kúgun hins kvenlæga í íslenskum fornþéttum.“

Ragnhildur Richter, „„Þetta sem ég kalla „mig“, það er ekki til“. Um sjálfsævisögu Málfríðar Einarsdóttur.“

Inga Dóra Björnsdóttir, „Þeir áttu sér móður“. Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar.“

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Að gera til að verða. Persónusköpun í íslenskrar kvennabaráttu.“

Kristín Björnsdóttir, „Sjálfskilningur íslenskra hjúkrunarkvenna á tuttugustu öldinni: Orðræða og völd.“

Rannveig Traustadóttir, „Hin fórnfúsamóðir: Rýnt í kynbundna verkaskiptingu innan fjölskyldna fatlaðra barna.“

Guðrún Jónsdóttir, „Að lifa af: Um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.“

Guðný Guðbjörnsdóttir, „Um sjálfsmyndir og kynferði - í kvennafræðilegu ljósi.“

Bókin verður til sölu í bókaverslunum. Áskrifendur fréttabréfsins geta fengið að kaupa bókina á skrifstofu Rannsóknastofunnar á forlagsverði.

ALPJÓÐLEGAR RÁÐSTEFNUR

3.-5. nóvember 1994 í Tromsø. *Nordisk konferanse om språk og kjønn*. Institutt for språk og litteratur, háskólanum í Tromsø, stendur fyrir ráðstefnunni. Ráðstefnan er þverfagleg, auk málfræðinga verða þar félagsvísindamenn, sálfræðingar og heimspekingar. Erindi verða bæði á skandinavískum málum og ensku. Upplýsingar: Tove Bull eða Toril Swan, Institutt for språk og litteratur, Universitetet i Tromsø, N-9037 Tromsø, Norge.

11.-13. nóvember 1994 í Antalya-Belek í Tyrklandi. *First International Women's Solidarity Congress*. „Women's Participation in Decision-Making.“ Bæklingur og umsóknareyðublöð eru á Rannsóknastofu í kvennafræðum í Sumarhöll.

21.-25. nóvember 1994 í Lissabon. *The Feminine Side of the Portuguese Overseas Expansion*. Fyrirlestrar og skoðunarferðir. Upplýsingar: Comissão para a Igualdade e para os Direitos das Mulheres, Av. da República, 32-1º, 1093 Lisboa Codex - Portugal. Sími 351-1-797 6081/4, símbref 351-1-793 76 91.

28.-30. desember 1994 í Jesúsalem. *Women, War and Peace: The Vision and the Strategies*. International Conference of Women in Black and Women's Peace Movements. Uppl. Target Tours, PO Box 29041, Tel Aviv 61290, Israel.

11.-15. janúar 1995 í Lexington, Kentucky. Alþjóðleg málstofa í *New Horizons in Feminist Geography*. Þemur: „Difference and Diversity“, „Methodological Frontiers“ og „New Forms of Representation.“ Upplýsingar: New Horizons in Feminist Geography, Department of Geography, 1457 Patterson Office Tower, University of Kentucky, Lexington, Kentucky 40506-0027, USA. Sími 606-257 2931; símbref 606 258 1968.

18.-21. maí 1995 í Helsingfors. *Nionde nordiska Kvinnojuristmötet*. Upplýsingar: Katarina Petrell, Institutionen för privaträtt, FIN-PB 4, 00014 Helsingfors universitet, sími 358 0 191 3381, fax 358 0 191 3108.

27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada. Eitt af aðalefnum heimsþings sagnfræðinga í Montréal 1995 verður þemað „Konur, karlar og söguleg þróun: sýnishorn af áhrifum kynferðissögu“ (hlutur kynferðis og sambands kynjanna í mikilvægustu umskiptum í sögu stjórnmála, samfélaga og trúarbragða). Women, Men and Historical Change: Case Studies in the Impact of Gender History. (The role of gender and male/female relations in major historical transformations—political, social, religious). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna fást hjá Inga Sigurðssyni, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada. *Miniconference "Women, Colonialisms, Imperialisms and Nationalisms through the Ages"*. Upplýsingar: Ruth Roach Pierson, Ontario Institute for Studies in Education, 252 Bloor Street West, Toronto, Ontario M5S 1V6, Canada. Sími 1-416-9236641, símbref 9264725.

1.-5. september 1995 í Uddevalla, Bohuslän í Svíþjóð. *Mary Wollstonecraft á Norðurlöndum 1795-1995*. Upplýsingar: Catherine Sandbach-Dahlström, enskudeild Stokkhólmsháskóla, 106 91 Stockholm, Sverige.

4.-5. september 1995 í Beijing í Kína. *FN:S världskongress för kvinnor*. Upplýsingar: UN World Conference and the NGO Forum on Women 1995, Kirchengasse 26, A-1070 Vienna, Austria. Símbref 43-1-526 1897.

20.-23. september 1995 í Vín. *7th Symposium of the International Association of Women Philosophers*. Þema ráðstefnunnar er „The War“. Upplýsingar: „IAPH Symposium“, Institute for Science and Art, Berggasse 17, A-1090 Vienna, Austria. Sími/símbref 43 1 34 43 42.

KVENNAFRÆÐI Á NORÐURLÖNDUM

Upplýsingar um málstofur og fyrirlestrahald rannsóknastofa í kvennafræðum á hinum Norðurlöndunum er hægt að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum í Samarhöll, húsi háskólans við Dunhaga.

FRÉTTIR AF RÁÐSTEFNUM

KONUR OG DAGLEGT LÍF Á SÖGUÖLD RÁÐSTEFNA Í HAMAR

Dagana 28.-29. apríl var haldin ráðstefna í Hamar, Noregi, undir yfirskriftinni Kvinne- og dagligliv í sagatid. Megináhersla var lögð á tímabilið 800-1100, en ýmsir fyrirlesaranna teygðu sögualdarhugtakið aftur og fram fyrir þann tíma. Alls voru fluttir 11 fyrirlestrar og komu fyrirlesararnir frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Íslandi. Íslensku fyrirlesararnir voru Ásdís Egilsdóttir, heimspekideild Háskóla Íslands og Auður Magnúsdóttir, sagnfræðistofnun Gautaborgarháskóla. Auður sagði frá frillum í Íslendingasögum og Sturlunga sögu, og hlutskipti eigin-konunnar og frillunnar í valdatafli Sturlungaaldar. Fyrirlestur Ásdísar fjallaði um sögu helgu meyjarinnar og píslarvottarins Margrétar frá Antiokkíu, en algengt var að ákalla hana við barnsfæðingar. Í fyrirlestrinum var greint frá tengslum sögunnar við heiðnar goðsagnir sem lúta að sköpun og frjósemi. Aðrir fyrirlestrar voru á sviði kvennarannsóknna og fornleifafræði. Gert er

ráð fyrir því að allir fyrirlestrarnir verði gefnir út í haust. Það var Kvinneuniversitetet, eða kvenna-háskólinn í Løten, sem bauð til ráðstefnunnar, en hún var einkum ætluð kennurum og safnafólki. Forsvarskonur kvennaháskólans, með Nancy Coleman lektor í broddi fylkingar, hafa um nokkurt skeið haft á þróunum áætlun um að reisa sögualdarbæ kenndan við Freyju, Frøyas hus, og gera að lifandi safni fyrir skóla og ferðamenn. Í húsi Freyju er ætlunin að leggja sérstaka áherslu á að kenna kvennamenningu sögualdar. Mikil undirbúningsvinna hefur þegar verið lögð í þetta verkefni. Samvinna hefur tekist við fornleifafræðinga sem unnið hafa við samsvarandi verkefni og fluttu þeir fyrirlestra á ráðstefnunni. Eitt vantar þó til þess að draumurinn um húsið hennar Freyju geti orðið að veruleika, lóð undir húsið, og þykir skilningur ráðamanna vera af skornum skammti. En áhugakonur um hús Freyju eru hreint ekki á því að gefast upp.

ÁE

NORDISK FORUM

Á kvennaþinginu Nordisk forum sem haldið var í Åbo í Finnlandi í ágúst tengdust margir dagskrárliðir kvennafræðum. T.d. var haldin þar málstofa um nám í kvennafræðum. Þar greindu fulltrúar frá hverju Norðurlandanna frá því hvernig kennslu í kvennafræðum hagaði í sínu landi. Víða í háskólum á hinum Norðurlöndunum stendur stúdentum til boða að taka kvennafræði sem aukagrein í grunnnámi. Í Finnlandi eru kvennafræði t.d. kennd í flestum skólum á háskólastigi. Við Christinastofnunina, sem er kvennafræðistofa Helsinkiháskóla, hafa stúdentar getað tekið kvennafræði sem aukagrein síðan 1987. Stofnunin hefur einnig skipulagt kvennafræðinám á ensku sem hefst núna í haust. Það var gert með erlenda stúdenta í huga (stúdentaskipti í Evrópu-samstarfi) en stendur finnskum stúdentum að sjálfsgöðu einnig til boða. Í þessu námi verða sjö námskeið boðin fram. Þau eru:

1. The Gender System in Finland and the Nordic Countries.
2. Women and the Nordic Welfare State.
3. Women in the Nordic Politics.
4. Working Life.
5. Education.
6. Women and Culture.
7. Women in Russia and the Baltic States.

Athyglisvert þótti mér að í Oslóarháskóla eru kvennafræðinámskeið hluti af skyldunámi bæði í félagsvísindadeild (kjönn og samfund) og í heimspekideild (kjönn og kultur). Í Danmörku er nú hægt að taka kvennafræði til doktorsprófs. Um það nám er

samvinna milli háskóladeilda og kvennarannsóknastofanna. Það er greinilegt á öllu að Háskóli Íslands er langt á eftir háskólum nágrannalanda-anna í öllu sem viðkemur kvennafræðum. Það er vonandi að nefnd sú sem háskólaráð skipaði síðastliðið vor til að gera tillögur um nám í kvennafræðum, að beiðni stofunnar, fái einhverju áorkað til að bæta úr því.

Á Nordisk forum var einnig boðað til fundar þar sem til stóð að stofna Samtök um kvennafræði á Norðurlöndum. Þessi hugmynd hafði komið til tals á ráðstefnu um norrænar kvennarannsóknir og rannsóknastefnu sem Solveig Bergman, tengill norrænna kvennafræða, stóð fyrir og haldin var í Stokkhólmi fyrir ári. Þar var skipuð nefnd til að undirbúa stofnun samtakanna. Í nefndinni sat Guðrún Ólafsdóttir fyrir hönd okkar á Íslandi. Nefndin gerði m.a. drög að reglugerð fyrir samtökin og voru þau tekin fyrir og endurbætt á fundinum í Åbo. Á fundinum var einnig kosið í stjórn samtakanna. Við stungum upp á Helgu Kress prófessor fyrir Íslands hönd og verður hún í stjórn samtakanna fyrstu tvö árin og Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri stofunnar, varamaður. Það væri óskandi að sem flestir íslenskir kvennafræðingar gangi í þessi samtök. Ennþá er stofnun þeirra í burðarliðnum en vonast er til að seinna í haust verði reglugerðin tilbúin og fólk geti þá farið að skrá sig í samtökin og hafa áhrif á starf þeirra. Eitt meginhlutverk þessara samtaka verður að gefa út samnorrænt tímarit á ensku, tímaritið *NORA*, sem hefur þegar verið gefið út í eitt ár. Norræni

tengillinn hefur verið skrifaður fyrir útgáfunni hingað til.

Ráðstefna norrænu jafnréttisráðherranna um jafnréttismál á Norðurlöndum 1995-2000 var haldin dagana 4.-5. ágúst á Nordisk forum. Þar fluttu allir jafnréttisráðherrar Norðurlandanna ræður. Grete Berget jafnréttisráðherra Noregs lagði í sinni ræðu mikla áherslu á mikilvægi kvennafræða fyrir jafnréttismál. Hún sagði að stjórnámálamenn ættu að taka í miklu meira mæli tillit til rannsókna kvennafræðinga í málefnum sem varða konur og jafnstöðu kynjanna. Í panelumræðum, sem voru síðast á dagskrá ráðstefnunnar, kom fram svipuð gagnrýni á blaðamenn, að þeir notuðu ekki allar þær heimildir sem þeir hefðu kost á í sínum skrifum.

Íslenska dagskráin var þannig uppbyggð að fyrst söng kvennakór Reykjavíkur nokkur lög. Þá flutti Guðmundur Árni Stefánsson jafnréttisráðherra ræðu, þar sem hann m.a. lagði á það áherslu að þátttöku kvenna í stjórn málaheiminum þyrfti að auka. Gerður Gunnarsdóttir fiðluleikari flutti verk eftir Báru Grímsdóttur og að lokum flutti Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur ágætt erindi um þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

Undir lok ráðstefnunnar voru jafnréttisráðherrarnir spurðir að því hvort til stæði að norræn stofnun í kvennafræðum yrði að veruleika á næstunni. Þeir svöruðu játandi einum rómi. Nú er bara að sjá hvernig tekst til.

ÞS

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Sumarhöll
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

Sími 69 45 95
Símbref 2 88 01
Tölvupóstur: thorusig@rhi.hi.is